

BRENDA PREHAL

*Fornleifaskráning vegna framkvæmda í
landi Skúta, Moldhauga, Grjótgarðs og
Tréstaða í Eyjafirði.
Fyrri áfangi.*



Byggðasafn Skagfirðinga

Rannsóknaskýrslur

2022/253

Forsíðumynd: Þórustaðir. Horft til austurs.



© Brenda Prehal/Byggðasafn Skagfirðinga
2022/253

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Tilgangur fornleifaskráningar	2
Aðferðarfræði	3
Skútar, Moldhaugar, Grjótgarður og Tréstaðir -söguágrip	5
Fornleifaskrá	6
Samantekt	14
Heimildaskrá	15
Fylgiskjöl	17

Inngangur


Byggðasafn Skagfirðinga tók að sér skráningu vegna fyrirhugaðra framkvæmda vegna byggingar safns á Skútum í Hörgárbyggð. Framkvæmdasvæðið nær yfir hluta af eftirtöldum jörðum; Skúta, Moldhauga, Grjótgarðs og Tréstaði. Verkið er unnið að beiðni Jörgens Hrafnkellssonar hjá Skútabergi ehf. Skráningin er í tveimur hlutum og það skráningarsvæði sem hér er til umfjöllunar er um 103ha og er að mestu í landi Skúta en nær einnig að hluta yfir land Moldhauga, Grjótgarðs og Tréstaða. Framkvæmdir vegna efnisnámu á svæðinu voru þegar hafnar þegar skráning fór fram. Náman er staðsett í landi Moldhauga og hefur þegar orðið mikið rask á svæðinu vegna hennar.

Á árunum 1998-2001 gerði Fornleifastofnun Íslands fornleifaskráningu á Moldhaugum (Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir, 1998), Grjótgarði, Tréstöðum (Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Orri Vésteinsson, 1999) og Skútum (Elín Ósk Hreiðarsdóttir ofl., 2001) vegna aðalskráningar fornleifa í Glæsibæjarhreppi.

Í skýrslunni er stutt ágrip af sögu Skúta, Moldhauga, Grjótgarðs og Tréstaða, yfirlit yfir fornleifar sem skráðar voru á vettvangi og í lokin eru niðurstöður skráningarinnar teknar saman. Í viðauka er hnitaskrá og yfirlitskort yfir skráningarsvæðið. Skráning á vettvangi fór fram þann 4. júlí 2022. Pétri Karlssyni er þakkað fyrir aðstoð og upplýsingar.

Vettvangsvinna, úrvinnsla og skýrsluskrif voru í höndum Brendu Prehal fornleifafræðings.

Verknúmer Minjastofnunar Íslands: 2776



Mynd 1. Yfirlitsmynd af skráningarsvæðinu sem er afmarkað með hvítu.

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga nr. 80 frá 29. júní 2012.¹ Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið

¹ Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. [...] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrár með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...]

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megir um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsgöðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsétt.

Aðferðarfræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númer. Til dæmis fær meint tóft í landi Skúta númerið 2 og framan við það er sett verkefnisnúmer Minjastofnunar [Skútar 2776-2]. Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Áður skráðar minjar fá upprunaleg skráningarnúmer í sviga fyrir aftan nýja númerið, t.d. [Skútar 2776-2] (EY-254:010).

Lagt er mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. hóbýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat í þessu tilfelli miðast við mögulega hættu af völdum fyrirhugaðrar framkvæmda vegna fyrirhugaðs safnasvæðis og rekstrar þess, t.d. vegi og byggingar.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tækjum sem gefa nákvæmni undir 1m í skekkju.

Yfirlitskort er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök. Þá er staðsetning minja, þar sem hún er þekkt, gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93). Loftmyndir voru fengnar hjá Bing WMS Basemap (<http://ecn.t3.tiles.virtualearth.net/tiles/a{q}.jpeg?g=1>).

Skútar, Moldhaugar, Grjótgarður og Tréstaðir -söguágrip

Jarðirnar Skútar, Moldhaugar, Grjótgarður og Tréstaðir voru í landnámi Eysteins Rauðúlfsssonar sem „nam land niðr frá Bægisá til Kræklingahlíðar ok bjó á Lóni“ (*Landnámabók*, bls. 259). Jarðirnar eru allar í ábúð nema Skútar.

Eyðibýlið Skútar er staðsett vestan við Moldhaugnahálsinn og yst á Þelamörk í Eyjafirði. Jörðin kemur fyrst fyrir í Ljósvetninga sögu (bls. 26). Skútar eru sennilega forn hjáleiga frá Laugalandi og árið 1712 var hún í eigu konungs. Jarðamat Skúta var að fornu 10 hundruð (*Jarðabók 1712*, bls. 175) og í jarðatali 1847 eru kúgildi sögð 3 og ábúendur 1 (*Jarðatal 1847*, bls. 297). Skútar fóru í eyði árið 1963.

Moldhaugar eru austan við Moldhaugnahálsinn og jörðin kemur fyrst fyrir í máldögum Ólafs biskups Rögnvaldssonar um Hólabiskupsdæmi frá árinu 1461 (DI V, bls. 318). Moldhaugar var konungsjörð árið 1712 og jarðamat var að fornu 10 hundruð (*Jarðabók 1712*, bls. 183). Í jarðatali 1847 eru kúgildi sögð 3 og ábúendur 2 (*Jarðatal 1847*, bls. 297).

Grjótgarður er vestan við Moldhaugnahálsinn og norðvestan við Skúta. Jörðin er forn hjáleiga frá Laugalandi og kemur fyrst fyrir í máldögum Pétrus biskups Nikulássonar fyrir kirkjur í Hólabiskupsdæmi frá árinu 1394 og var þá eign Laugalandskirkju (DI III, bls. 521). Jarðamat Grjótgarðs var að fornu óþekkt (*Jarðabók 1712*, bls. 174) en í jarðatali 1847 segir að dýrleikinn hafi verið 15 hundruð, kúgildi voru 2 og ábúendur 1 (*Jarðatal 1847*, bls. 297).

Tréstaðir eru norðan við Moldhaugnahálsinn, austan við Hörgá. Jörðin kemur fyrst fyrir í kaupbréfi jarðanna Auðbrekku og Hóla í Eyjafirði frá árinu 1375, þar nefnd Trégregfstaðir (DI III, bls. 295). Jarðamat Tréstaða var að fornu 16 hundruð (þar nefnd Triegripsstaðir í *Jarðabók 1712*, bls. 177). Í jarðatali 1847 eru kúgildi sögð 2,5 og ábúendur 1 (*Jarðatal 1847*, bls. 297).

Fornbýli

Í *Jarðabók 1712* er getið um Þórustaði, fornt eyðibýli á Moldhaugnahálsi. „Það meina menn að sje fornt eyðiból, eftir því sem líklegt sýnist af tóttaleifum og fornum girðingum. Enginn brúkar þetta land sjerlega, nema hvað búfje frá Moldhaugum og annra nágranna gengur þar yfir, sem annarstaðar um úthaga. Menn eru og ekki vissir, hvörri jörðu þetta eyðiból (með rjettu) tilheyrir, því það sýnist so sem það kunni ap liggja á milli jarðalanda. Ekki má hjer aftur byggja fyrir heyskararleysi. Túnstaði er og víði vaxið með grámosamóum“ (*Jarðabók 1712*, bls. 183-184). Samkvæmt örnefnaská Skúta. Spurningum og svörum er fornbýlið Þórustaðir sagt vera í landi Moldhauga (2009, bls. 1). Leifar býlisins eru innan þess svæðis sem er hér til umfjöllunar. Í

jarðabók 1712 er einnig getið um fornbylíð Litlagerði sem var norðan bæinn Grjótgarð en er utan þess svæðis sem hér er fjallað um (*Jardabók 1712*, bls. 147).

Fornleifaskrá

Skútar 2776-1 (EY-270:023)

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hóll, heimild

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda

Staðhættir

Í túni, tæplega 230m NNA af bæjarstæðinu á Skútum er hóll.



Mynd 1. Hóll 2776-1, horft til suðvesturs.

Lýsing

Hóllinn er um 10m í þvermál og grasi gróinn. Ekki sást móta fyrir dældum í túninu sem sáust þegar skráning fór fram árið 2001 eins og kemur fram hér að neðan.

Aðrar upplýsingar

Fornleifaskráning á Skútum var gerð af Fornleifastofnun Íslands árið 2001. Í skýrslunni segir: „15 m norðvestan af nyrðri enda Langhóls, þ.e. fjær bæjarstæðinu var tóft. Staðurinn er í stefnu á Grjótgarð sé horft (til norðvesturs) frá enda hólsins. Á grasi vaxinni túnspildu norðvestan hólsins, um 5 m suðaustan við skurð sem nú skiptir túninu. Enn mótast fyrir tóft í túnsverðinum en svo ógreinilega að ekkert er hægt að segja um stærð eða gerð. Hleðslurnar hafa líklega verið flattar út þegar tún voru sléttuð“ (Elín Ósk Hreiðarsdóttir ofl., 2001).

Skútar 2776-2

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft


Hættumat: Hætta vegna framkvæmda

Staðhættir

Tóft er á lítilli hæð um 200m NNA af bæjarstæðinu á Skútum.

Lýsing

Tóftin er illgreinanleg og grasi gróin. Hún er um 6,5x8,5m að utanmáli og eru veggir allt að 3,5m á breidd og um 80cm á hæð. Tóftin liggur NV-SA og hefur inngangur verið úr norðvestri.



Mynd 2. Tóft 2776-2.

Skútar 2776-3

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft


Hættumat: Hætta vegna framkvæmda

Staðhættir

Tóft er um 270m NNA af bæjarstæðinu á Skútum og um 60m norðan við tóft [2776-2].

Lýsing

Tóftin er 8x23,5m að utanmáli og liggur ANA-SVS. Hún er grasi og mosa gróin. Veggir eru um 2m á breidd, um 30cm á hæð og rofnir mót norðri.



Mynd 3. Tóft 2776-3.

Skútar 2776-4 (EY-254:010)

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda

Staðhættir

Um 415m norðaustur af bæjarstæðinu á Skútum og um 700m beint austan við Grjótgarð hól sem heitir Hvíthóll. Garðlag er meðfram norðanverðum hólnum.



Mynd 4. Garðlag 2776-4, horft til norðvesturs.

Lýsing

Garðlagið er grasi gróið, um 3,5m á breidd, allt að 80cm á hæð og um 63,5m langt. Hlutverk er óvíst og hugsanlega er um náttúrulegt fyrirbæri að ræða. Engin ummerki sáust um garðlagið sunnan við hólinn þegar vettvangsvinna fór fram í júlí 2022. Í skýrslu Fornleifastofnunar frá 2001 eru garðlög nr. [2776-4] og [2776-8] skráð sem eitt. Garðarnir virðast þó ekki tengjast og eru hér skráðir í tvennu lagi.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Skúta segir: „Hvíthóllinn er uppi á hallinu ofan við Gvendarmóinn“ (bls. 1). Garðlagið var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 1999. Í skýrslunni segir: „Hvíthóll er nálægt því að vera beint austan við Grjótgarð (600-700m), beint vestan við [EY-254:015]. Hóllinn er gróinn en í kringum hann liggur gróinn garður. Hvíthóllinn er fremur áberandi hóll í landslaginu, hann stendur austan við Grjótgarð, og ber nokkuð hátt. Garðurinn er rofinn á nokkrum stöðum en samtals hefur hann náð yfir 140-150 m svæði umhverfis hólinn en einnig liggur garðlag út frá þessum hring og til austurs (um 15 m) í átt að hæð sem þar er. Garðurinn er að meðaltali um 1 m á breidd“ (Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Orri Vésteinsson 1999, bls. 61).

Skútar 2776-5 (EY-254:015)


Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda

Staðhættir

Rúmlega 3m austan við garðlag [2776-4] er möguleg tóft.



Mynd 5. Tóftir 2776-4 & 5.

Lýsing

Meint tóft er illgreinanleg og grasi gróin. Hún er 4x8m að utanmáli og liggur NA-SV. Veggir eru um 1,5m á breidd og um 45cm á hæð. Tóftin er hugsanlega tvískipt og hefur inngangurinn verið í suðvestri. Hlutverk er óvíst og hugsanlega er um náttúrulegt fyrirbæri að ræða.

Aðrar upplýsingar

Meint tóft var skráð af Fornleifastofnun Íslands í árið 1999. Í skýrslunni segir: „3 m austan við Hvíthól eru ógreinilegar tóftarleifar. Um 10 m austan við tóftina er lítill vatnspollur. Tóftin er 8 X 4 m að stærð og skiptist í tvö hólf. Rétt við hana er hringlaga þúfnabakki sem gæti einnig verið leifar af mannvirki“ (Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Orri Vésteinsson 1999, bls. 62).

Skútar 2776-6

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft


Hættumat: Hætta vegna framkvæmda

Staðhættir

Um 36m norðaustan við tóft [2776-6] er önnur möguleg tóft.

Lýsing

Meint tóft er illgreinanleg og grasi gróin. Hún er um 6x8,5m að utanmáli og liggur NA-SV. Veggir eru um 1,5m að breidd og um 45cm á hæð.



Mynd 6. Tóft 2776 & gata 2776-7.

Skútar 2776-7 (EY-270:009?)

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda

Staðhættir

Gamli þjóðvegurinn liggur um 350m norður af bæjarstæðinu á Skútum og um 140m austan við landamerki Grjótgarðs.

Lýsing

Gamli þjóðvegurinn er rúmlega 1,8km langur, um 4m á breidd og grasi gróinn. Hann liggur austur-vestur en töluvert sunnar en núverandi þjóðvegur. Samkvæmt Sögu sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu 1874 til 1989 (II bindi 1994, bls. 315) var gamli þjóðvegurinn í notkun árið 1890.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Skúta segir: „Ystalágin er frá syðri enda [á] Neðrimýrhalli niður að gömlu þjóðbraut. Svo eru nafnlaus holt, svo Gvendarmór utan frá merkjum og suður að gamla þjóðveg“ (bls. 1). Fornleifaskráning á Skútum var gerð af Fornleifastofnun Íslands í árið 2001. Í skýrslunni segir: „Gamla þjóðbraut liggur í láginni útvestur í stefnu á Hörgá og þaðan út dalinn. Engar mannvistarleifar“ (Elín Ósk Hreiðarsdóttir ofl. 2001, bls. 65)..



Mynd 7. Gata 2776-7, horft til austurs.

Skútar 2776-8 (EY-254:010)

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda

Staðhættir

Rúmlega 45m sunnan við garðlag [2776-4] er annað garðlag.

Lýsing

Garðlagið liggur NV-SA og er grasi og mosa gróið.

Það er allt að 60cm á hæð og mest 3m á breidd. Garðlagið er 36m langt en rofið á kafla.

Aðrar upplýsingar

Í skýrslu Fornleifastofnunar frá 2001 eru garðlög nr. [2776-4] og [2776-8] skráð sem eitt.

Garðarnir virðast þó ekki tengjast og eru hér skráðir í tvennu lagi.



Mynd 8. Garðlag 2776-8, horft til suðausturs.

Skútar 2776-9

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Hættumat: Ómetið. Ekki er vitað hvort þarna hafi staðið hesthús.

Staðhættir

Hesthúshæð er um 145m norðaustur af bæjarstæðinu á Skútum.

Lýsing

Hesthúshæð er slétt og veðruð hæð. Nafnið bendir til þess að hesthús hafi einhvern tímann staðið á eða við hólninn en engin ummerki um hús fundust við skráningu í júlí 2022.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Skúta segir: „Austan við (upp frá) Hvíthól er Hesthúshæð og reyndist okkur það rétt sem fyrr er sagt með rokið. Í túninu, beint út frá bænum, er Langhóllinn (svo lítið drag á milli) og Hesthúshæðin þar beint norður af“ (bls. 1).

Skútar 2776-10

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata


Hættumat: Hætta vegna framkvæmda

Staðhættir

Tvær götur liggja samsíða úr norðaustri upp yfir Hesthúshæð [2776-9].

Lýsing

Göturnar liggja báðar NA-SV og eru aðeins nokkrir metrar á milli. Vestari leiðin er um 113m löng og austari gatan er um 54m löng.



Mynd 9. Leið 2776-10, horft til suðvesturs.

Skútar 2776-11

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda

Staðhættir

Varða stendur á Hesthúshæð [2776-9] um 450m norðaustur af bæjarstæðinu á Skútum og um 24m austan við hleðsla [2776-12].

Lýsing

Varðan er grjóthlaðin, um 1m í þvermál og um 50cm á hæð.



Mynd 10. Varða 2776-11.

Skútar 2776-12

Hlutverk: Óþekkt, kuml?

Tegund: Hleðsla

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda

Staðhættir

Grjóthrúga er á Hesthúshæð [2776-9] um 435m norðaustur af bæjarstæðinu á Skútum og um 24m vestan við vörðu [2776-11].

Lýsing

Grjóthrúgan er um 40cm há og 50cmx150cm að grunnmáli.

Hlutverk er óþekkt en sporöskjulaga lögun hennar og staðsetning á hæð með útsýni yfir hafið bendir til þess að þetta gæti verið kuml. Einnig gæti þetta verið hrúnin varða eða náttúrulegt fyrirbæri.



Mynd 11. Hleðsla 2776-12.

Skútar 2776-13 (EY-270:009?)

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda

Staðhættir


Tvennar götur lágu á Moldhaugnahálsi norðan við Einbúa og eru tæplega 700m suðaustur af bæjarstæðinu á Skútum.

Lýsing

Göturnar liggja báðar V-A yfir Moldhaugnaháls. Þær eru allt að 90m millibili og sameinast í vestri. Nyrst leiðin af tveimur er um 210m löng og hin er um 780m löng.

Aðrar upplýsingar

Göturnar eru líklega sama gata og skráð er nr. [EY-270:009] í skýrslu Fornleifastofnunar Íslands (Elín Ósk Hreiðarsdóttir ofl. 2001, bls. 65).



Mynd 12. Leið 2776-13, horft til austurs.

Skútar 2776-14

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla, varða?

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda

Staðhættir

Grjóthrúga er á klöpp tæplega 900m ASA af bæjarstæðinu á Skútum, rétt norðan við leið [2776-13].

Lýsing

Grjóthrúgan er 90x180cm að grunnmáli. Hlutverk er óþekkt en staðsetning á hæð rétt við leið bendir til þess að þetta gæti verið hrunin varða eða kuml. Hún gæti verið einnig náttúrulegt fyrirbæri.



Mynd 13. Hleðsla 2776-14, horft til vesturs.

Skútar 2776-15 (EY-270:009?)

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda

Staðhættir

Gatan liggur N-S milli Stóruhágar og Svartkollulágar, hornrétt á leið [2776-13].

Lýsing

Gatan er um 450m löng og vel greinanleg. Hún liggur N-S úr Stóruhága í átt að Einbúa.

Aðrar upplýsingar

Hugsanlega er þetta sama gata og er skráð nr. [EY-270:009] í skýrslu Fornleifastofnunar Íslands (Elín Ósk Hreiðarsdóttir ofl. 2001, bls. 65).



Mynd 14. Leið 2776-15, horft til suðurs.

Moldhaugar 2776-16 (EY-271:007)

Sérheiti: Þórustaðir

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda

Staðhættir


Á vesturmörkum Moldhauga og austurmörkum Grjótgarðs, um 400m suðvestur af Þórustaðarétt er tóft.

Lýsing

Tóftin er greinanleg, grasi og mosa gróin og liggur V-A. Hún er aflöng og 9,5x27,5m að utanmáli. Veggirnir eru allt að 50cm á hæð og um 2,5m á breidd. Hún er rofin í miðjunni og skiptist hugsanlega í tvö hólfi í vesturendanum. Austurendinn er hringlaga. Ekki er vitað um aldur tóftarinnar en býlið fór í eyði löngu fyrir 1712. Það gæti verið að tóftin sé skáli.

Aðrar upplýsingar

Í *Jarðabók 1712* segir: „Þorustader kallast eitt landspláss á Laugalandi eður Moldhaugna hálsi. Það meina menn að sje fornt eyðiból, eftir því sem líklegt sýnist af tóttaleifum og fornum girðingum. Enginn brúkar þetta land sjerlega, nema hvað búfje frá Moldhaugum og annra nágranna gengur þar yfir, sem annarstaðar um úthaga. Menn eru og ekki vissir, hvörri jörðu þetta eyðiból (með rjettu) tilheyrir, því það sýnist so sem það kunni að liggja á milli jarðalanda. Ekki má bjer aftur byggja fyrir heyskaparleysi. Túnstæði er og víði vaxið með grámosamóum“ (bindi X, bls. 183-184).



Mynd 15. Tóft 2776-16.

Samantekt

Alls voru skráðar 16 minjar innan skráningarsvæðis. Heildaryfirlit yfir þessar minjar er að finna í fylgiskjöllum aftast í skýrslunni. Þær minjar sem skráðar voru á vettvangi eru hefðbundnar minjar sem flestar tengjast búsetu, landbúnaði og samgöngum. Að öllum líkindum hefur verið búseta á Skútum og Grjótgarði allt frá landnámi.

Skráningarsvæðið var fjarri bæjarhólum og var að mestu í kringum námusvæðið (sjá yfirlitskort). Flestar minjanna voru í landi Skúta. Innan Skútatúns var skráður einn hóll [2776-1] og ein tóft [2776-2] sem er í norðvesturenda túnsins. Utan túns í landi Skúta voru skráðar þrjár tóftir [2776-3, 2776-5, 2776-6], tvö garðlög [2776-4, 2776-8], fjórar götur [2776-7, 2776-10, 2776-13, 2776-15], ein varða [2776-11] og tvær hleðslur [2776-12, 2776-14]. Í örnefnaskrá Skúta kemur fyrir örnefnið Hesthúshæð [2776-9] og vísar til byggingar sem mögulega hafa staðið norðan við gamla túnið en engin ummerki fundust.

Á landamerkjum Moldhauga og Grjótgarðs var ein tóft [2776-16] sem nefnd er Þórustaðir. Gata [2776-7] er sýnileg á köflum í landi Moldhauga, Tréstaða og Grjótgarðs.

Hættumat

Minjar sem skráðar voru innan skráningarsvæðis eða innan við 5m frá útlínunum þess, alls 15, eru allar taldar í hættu vegna framkvæmda (sjá hnitaskrá í fylgiskjöllum). Hættumatið er miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar um útlínur framkvæmdasvæðis sem voru samþykktar af Minjastofnun Íslands. Þar sem fornleifaskráning er fyrirbyggjandi er hægt að taka tillit til minja við skipulag framkvæmda og tilheyrandi starfsemi. Í 22. gr. laga um menningarminjar (*nr. 80 29. júní 2012*) er skilgreint 15m friðhelgað svæði umhverfis friðaðar minjar (þ.e. minjar eldri en 100 ára), nema að annað sé ákveðið. Allar ákvarðanir um mótvægisáðgerðir til verndar minjum eru á höndum Minjastofnunar Íslands.

Niðurlag

Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er enn sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning jarðlægra horfinna minja er þekkt. Þess ber að geta að minjar geta leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem ákvarðar um frekari áðgerðir til björgunar eða verndar minjunum.

Heimildaskrá

DI III: *Íslenskt fornbréfasafn – Diplomatarium Islandicum III*. Hið íslenska bókmenntafélag: Kaupmannahöfn, 1896.

DI IV: *Íslenskt fornbréfasafn – Diplomatarium Islandicum IV*. Hið íslenska bókmenntafélag: Kaupmannahöfn, 1897.

DI V: *Íslenskt fornbréfasafn – Diplomatarium Islandicum V*. Hið íslenska bókmenntafélag: Kaupmannahöfn, 1899-1902.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Orri Vésteinsson. „Fornleifaskráning í Glæsibæjarhreppi II.“ Fornleifastofnun Íslands skýrsla FS101-98042. Reykjavík, 1999.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Orri Vésteinsson og Sölvi Björn Sigurðsson. „Fornleifaskráning í Eyjafirði XV: Aðalskráning í Glæsibæjarhreppi III.“ Fornleifastofnun Íslands skýrsla FS142-98043. Reykjavík, 2001.

Íslensk fornrit I. Íslendingasögur. Landnámabók. Hið íslenska fornritafélag: Reykjavík, 1986.

Íslensk fornrit X. Ljósvetninga saga. Hið íslenska fornritafélag: Reykjavík, 1979.

Hjörtur Þórarinnsson. *Saga sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu 1874-1989, II bindi*. Akureyri, 1994.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín X: Eyjafjarðarsýsla. Hið íslenska fræðafélag: Kaupmannahöfn, 1943.

J. Johnsen. *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn, 1847.

Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. „Fornleifaskráning í Glæsibæjarhreppi I.“ Fornleifastofnun Íslands skýrsla FS070-98041. Reykjavík, 1998.

Örnefnaskrá


Örnefnaskrá Skúta. Ókunnur skrásetjari. Ljósrit af handriti þessarar lýsingar barst Örnefnastofnun árið 1997.

Örnefnaskrá á Skútum í Glæsibæjarhreppi, síðar Hörgárbyggð. Spurningar og svör. 2009.

Fylgiskjöl

Fornleifar á Skútum og Moldhaugum – hnitaskrá

Númer	Jörð	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Austun	Norðun
2776-1	Skútar		Óþekkt	Hóll, heimild	800	1950	Ill greinanleg	Hætta	534816	582924
2776-2	Skútar		Óþekkt	Tóft	800	1900	Ill greinanleg	Hætta	534762	582960
2776-3	Skútar		Óþekkt	Tóft	800	1900	Ill greinanleg	Hætta	534782	583037
2776-4	Skútar		Óþekkt	Garðlag	800	1900	Vel greinanleg	Hætta	534886	583149
2776-5	Skútar		Óþekkt	Tóft	800	1900	Ill greinanleg	Hætta	534907	583132
2776-6	Skútar		Óþekkt	Tóft	800	1900	Ill greinanleg	Hætta	534938	583162
2776-7	Skútar		Vegur	Gata	1850	1950?	Vel greinanleg	Hætta	534941	583174
2776-8	Skútar		Óþekkt	Garðlag	800	1900	Vel greinanleg	Hætta	534890	583084
2776-9	Skútar		Hesthús	Heimild	800	1950	Sjást ekki	Ómetið	534999	583053
2776-10	Skútar		Leið	Gata	800	2022	Vel greinanleg	Hætta	535031	583090
2776-11	Skútar		Kennimark	Varða	800	1950	Greinanleg	Hætta	535019	583049
2776-12	Skútar		Óþekkt, kuml?	Hleðsla	800	1950	Greinanleg	Hætta	534994	583050
2776-13	Skútar		Leið	Gata	800	2022	Vel greinanleg	Hætta	535347	582592
2776-14	Skútar		Óþekkt	Hleðsla, varða?	800	1950	Greinanleg	Hætta	535507	582529
2776-15	Skútar		Leið	Gata	800	2022	Vel greinanleg	Hætta	535447	582782
2776-16	Moldhaugar	Þórustaðir	Býli	Tóft	800	1700	Greinanleg	Hætta	535615	583113



Yfirlitskort yfir skráðar minjar.